

Samþykktir/Lög

Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga

Stofnað 1929

Tillögur að breytingum lagðar fyrir aðalfund 4. maí 2022

Viðbætur með rauðu lettri, niðurfellingar yfirstríkaðar

Samþykktar af stjórn SÍK 21. mars 2022

1. grein Tilgangur

Tilgangur Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, hér eftir í lögum þessum skammstafað SÍK, er að vinna að kristniboði meðal heiðingja með því að mennta kristniboða, senda þá til starfs og kosta starf þeirra, svo og að vinna að því að efla Guðs ríki og kristniboðsáhuga meðal þjóðar vorrar.

2. grein Trúargrundvöllur

SÍK byggir á grundvelli Heilagrar ritningar og játningum evangelísk-lútherskrar kirkju og krefst þess af starfsmönnum sínum að þeir kenni og starfi samkvæmt því.

3. grein Starf yfir landamæri

- SÍK starfar samkvæmt lögum nr. 119/2019 um félög til almannaheilla sem starfa yfir landamæri.
- Um þau mál sem samþykktir þessar ná ekki til skal hlíta ákvæðum laga um félög til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri, svo og öðrum lagaákvæðum sem við eiga.

4. grein Sambandsfélög ~~Aðildarfélög~~

- Hvert kristlegt félag sem játar grundvallarreglur SÍK í fyrstu og annarri grein getur fengið aðild að SÍK.
- Aðildarfélög vinna að því að kristni og kristniboðsáhugi eflist meðal þjóðarinnar og safna fé til kristniboðsstarfsins.
- Félagsmenn aðildarfélaga greiða árgjald til félags síns.
- Aðildarfélög senda framlög sín í sjóð SÍK að minnsta kosti tvisvar á ári.

e) Stjórn SÍK getur óskað eftir því að fá afrit af samþykktum ársreikningum aðildarfélaganna.

f) Leggist eitthvert aðildarfélag niður eða hætti að starfa á grundvelli SÍK renna allar eignir þess, fastar og lausar, til SÍK.

g) Leggist eitthvert aðildarfélag niður skulu félagsmenn þess skráðir sem einstaklingasaðilar, sbr. 5. grein, og halda réttindum sínum og skyldum, nema þeir óski annars.

5. grein Einstaklingsaðild

- Einstaklingur, sem virðir tilgang og trúargrundvöll SÍK í fyrstu og annarri grein, getur orðið aðili að SÍK.
- Einstaklingasaðilar leggja SÍK lið eftir mætti og vinna að eflingu kristniboðsáhuga á meðal þjóðarinnar.
- Einstaklingasaðilar greiða árgjald, sem aðalfundur ákveður, í sjóð SÍK.

6. grein Aðalfundur

- Aðalfundur er æðsta vald SÍK. Hann skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Skal til hans boðað með **tryggilegum hætti með a.m.k. fjögurra vikna fyrirvara og telst hann þá löglegur.**
- Félagsmenn aðildarfélaga og einstaklingasaðilar sem greitt hafa árgjald liðins árs eða hafa gefið fimmfalda upphæð þess eða meira á liðnu ári, hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.
- Aðildarfélög senda stjórn SÍK lista yfir félaga með atkvæðisrétt a.m.k. hálfum mánuði fyrir aðalfund.
- Kristniboðsvinum er heimilt að sitja aðalfund og hafa þar málfrelsi.

e) Stjórn SÍK má kveðja til aukaaðalfundar þegar hún telur nauðsynlegt og skal þá boðað til hans með sama hætti og aðalfundar.

f) Ef stjórnin boðar ekki til aðalfundar innan tilsetts tíma geta formenn aðildarféлага boðað til hans með þeim hætti sem samþykktir þessar kveða á um.

7. grein Störf aðalfundar

a) Stjórnin leggur fram skýrslu um starf liðins starfsárs og kynnir starfsáætlun komandi starfsárs.

b) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga SÍK fyrir liðið almanaksár til samþykktar, -og gefur yfirlit yfir fjárhaginn og kynnir fjárhagsáætlun yfirstandandi almanaksárs.

c) Stjórnin kynnir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs- og starfsáætlun komandi starfsárs.

d) Fulltrúar flytja skýrslu aðildarféлага.

e) Rædd eru önnur mál sem stjórnin eða fulltrúar leggja fyrir aðalfund.

f) Aðalfundur ákveður hvort hefja eigi kristnið á nýjum starfssvæðum eða leggja niður starf á öðrum svæðum.

g) Aðalfundur ákveður við hvaða erlend kristniðsfélög eða kirkjur SÍK hefur samstarf.

h) Aðalfundur tekur ákvörðun um mál sem krefjast verulegra fjárútláta eða hafa í för með sér langtíma skuldbindingar fyrir SÍK.

i) Aðalfundur ákvarðar árgjald, sbr. 4. gr. c) og 5. gr. c).

j) Kjörnefnd ber fram tillögu um einstaklinga menn í stjórn til leiðbeiningar við kosningar. Fulltrúar eru þó óbundnir af tillögum kjörnefndar er þeir greiða atkvæði. Í stjórn má aðeins kjósa atkvæðisbæra einstaklinga féлага í skilningi 6. gr. Stjórnarkosning er skrifleg.

k) Stjórn SÍK skipa fimm einstaklinga menn sem aðalfundur kýs til tveggja ára í senn. Þeir ganga úr stjórn þrjú og tveir til skiptis og eru jafnmargir kosnir í þeirra stað hverju sinni.

Síðan eru kosnir 1. og 2. varamaður tveir varamenn til eins árs. Fráfarandi stjórnarmenn má kjósa aftur. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

l) Aðalfundur kýs endurskoðanda og velur tvo skoðunarmenn og tvo til vara til þess að endurskoða alla reikninga SÍK.

m) Mál sem falla undir 7. Grein g) og ekki hafa verið kunngjörð aðildarfélagunum fjórum vikum fyrir aðalfund þarfnast tveggja þriðju hluta atkvæða til þess að verða samþykkt. Um önnur mál á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti. Sjá þó 3. grein b) og 8. grein a).

8. grein Stjórn SÍK og störf hennar starfsfólk

a) Stjórnin fer með allar framkvæmdir SÍK milli aðalfunda og sér um að ályktunum samþykktum aðalfundar sé framfylgt, hefur yfirumsjón með starfi, rekstri og eignum SÍK og sinnir eftirliti á grundvelli fjárhags- og starfsáætlana sem settar eru árlega. Hún má ekki stofna til verulegra fjárhagsskuldbindinga nema eftir beinum samþykktum ályktunum aðalfundar. Sjá einnig 7. grein h).

b) Stjórnin velur úr sínum hópi formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Þó má hún velja eða ráða gjaldkera og framkvæmdastjóra utan stjórnarinnar ef þurfa þykir. Þeir hafa rétt til setu á stjórnarfundum en ekki atkvæðisrétt.

d) Stjórnin ræður starfsmenn til kristilegrar starfsemi innanlands og setur þeim starfsreglur.

e) Stjórnin boðar til aðalfundar. Dagskrá fundarins skal auglýst með að minnsta kosti fjögurra vikna fyrirvara.

f) Að minnsta kosti mánuði fyrir aðalfund skipar stjórnin þriggja manna kjörnefnd til að undirbúa stjórnarkjör. Kjörnefnd Hún tilnefni að minnsta kosti helmingi fleiri en eiga að ganga úr stjórn.

e) Stjórnin ræður kristnið, ákveður starfssvæði þeirra og setur þeim starfsreglur.

f) Stjórnin ræður framkvæmdastjóra sem stýrir daglegum rekstri og starfi SÍK, sinnir tengslum við erlenda samstarfsaðila og eftirliti með verkefnum SÍK í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun stjórnar og samþykktir aðalfundar. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi án atkvæðisréttar.

g) Framkvæmdastjóri sér um ráðningu annars starfsfólks eftir samþykki stjórnar og í samræmi við starfslýsingar og stefnumörkun á hverjum tíma.

h) Stjórnin skal setja sér starfsreglur, siðareglur fyrir stjórn, starfsfólk og einstaklinga í trúnaðarstörfum, ásamt áætlunum um jafnrétti, kynferðislegt áreiti og ofbeldi, sjálfbærni og gegn spillingu.

i) Stjórnin skal funda að lágmarki sex sinnum á starfsárinu. Framkvæmdastjóri undirbýr fundi í samráði við formann sem stýrir fundum. Stjórnarfundir eru lögmætir ef til þeirra er boðað með a.m.k. viku fyrirvara eða samþykki allra stjórnarmanna liggur fyrir og minnst þrjú aðalmenn mæta. Ákvarðanir eru bindandi ef meirihluti mættra stjórnarmanna ljær þeim atkvæði sitt.

9. grein Lagabreytingar

a) Lögum þessum má ekki breyta nema á aðalfundi með tveim þriðju hlutum atkvæða. Þó má ekki breyta 1. grein, 2. grein og 9. grein a) og c).

b) Stjórn SÍK ber að kynna breytingartillögur að minnsta kosti fjórum vikum fyrir aðalfund.

c) Verði SÍK lagt niður skulu eignir þess renna til sams konar eða svipaðrar starfsemi.

10. grein Heiti sambandsins

Heiti sambandsins á ensku er "Icelandic Lutheran Mission" og á norsku "Islandsk Luthersk Misjonssamband".

Á íslensku eru heitin SÍK og Kristniboðssambandið notuð jöfnum höndum.

(Með samþykktum breytingum á aðalfundi 3. júní 2020)

Stutt greinagerð

Í fyrra var gerð úttekt eða könnun á fjárhagslegri hæfni og stofnanafærni SÍK að frumkvæði utanríkisráðuneytisins með samþykki stjórnar. Fram komu ýmsar ábendingar um úrbætur til að efla stofnanafærni, gæðastjórnun og örugga meðferð fjármuna.

Meðal annars var bent á ýmislegt sem snýr að skýrari ábyrgð og hlutverki stjórnar og framkvæmdastjóra sem æskilegt væri að kveða á um í starfsreglum eða lögum (samþykktum) SÍK. Eins var bent á lögmæti boðunar á aðalfund. Í leiðinni var ákveðið að yfirfara lögin og samræma hugtakanotkun sem kallar á nokkrar orðabreytingar.

Í gr. 6. a) er talað um að boða skuli til aðalfundar með „tryggilegum hætti“. Hvað í því felst verður kveðið á um í starfsreglum stjórnar, en ekki er talið heppilegt að fastsetja ákveðnar boðleiðir á tímum örra tækniframfara. Eins og er lítur stjórnin á það sem tryggilegan hátt að boðað sé til aðalfundar á vefsíðu SÍK auk samfélagsmiðla og í Kristniboðspóstinum (netpóstur).

Stjórnin þakkar Auði Pálsdóttur og Gunnari Þór Péturssyni fyrir framlag þeirra við framsetningu þessara tillagna sem þau unnu ásamt framkvæmdastjóra SÍK.